


Lax í Ormarsá og Deildará 2004

Inngangur

Árnar voru rannsakaðar 27- 29. júlí 2004. Veitt var með rafmagni á völdum stöðum, svipað og undanfarin ár. Seiðin voru mæld og aldurssýni tekin. Seiðaveiðar með rafmagni (s.k. rafveiðar) gefa hugmynd um magn og stærðarskiptingu seiða á sýnatökustöðunum. Magn seiða er oft táknað með fjölda seiða sem veiddust á ákveðnu flatarmáli og er í töflum gefið upp sem meðal fjöldi seiða á hverjum fermeter (m²). Þessar tölur segja ekki alla söguna og þeim ber að taka með varúð og hafa til viðmiðunar. Veiðiskilyrði eru oft æði misjöfn á sömu stöðum milli ára og milli staða á sama degi. Til að meta ástand seiðastofna áa er því einnig notað huglægt mat þar sem tekið tillit til holdafars og vaxtar seiðanna.



Niðurstöður

1. Ormarsá

Niðurstöður rafveiða eru sýndar í töflu 1 og kort af sýnatökustöðum í Ormarsá, Deildará og Efri Deildará á mynd 1. Lengdardreifing veiddra laxaseiða er sýnd á mynd 5.

Almennt

Sumarið 2004 var hlýtt á Norðurlandi annað árið í röð. Mynd 5 sýnir meðalhita á Raufarhöfn í júní, júlí og ágúst 1991-2000 og mynd 6 sýnir hitann 2001-2004. Vöxtur seiða sumarið 2004 var sérstaklega góður og seiðin stór eftir aldri. Þau voru áberandi feit og mikið bar á stórum seiðum. Eins árs seiði voru ríkjandi og þau voru svo stór, 8 cm, að þau munu ganga út vorið 2005 tveggja vetra gömul. Þetta er einstakt og hefur ekki sést áður á Norðurlandi, reyndar er þetta nær óþekkt yfirleitt. Lítið var vart við vorgömul seiði enda er sjaldgæft að finna þau svona snemma árs. Þeirra fer yfirleitt ekki að verða vart fyrr en seinast í ágúst í venjulegu árferði. Seiðaframleiðsla er mjög góð. Laxagegnd ræðst þó einnig af afföllum í sjó sem hafa verið mikil undanfarin ár, án þess að á því hafi fundist sérstök skýring.

Tafla 1. Meðallengd og fjöldi laxaseiða á veiðistöðum í Ormarsá 27-29 júlí 2004. Fjöldi veiddra fiska í sviga.

Staður nr	Staður	Flatarmál (m ²)	0+	1+	2+	3+	Fiskar/100 m ²
1	Neðan v. Arnarstaðavn.	40	3.8 (3)	7.4 (13)	10.1 (1)		43
2	Ofan 22	50	3.8 (2)	7.4 (5)			14
3	Blaskrida	50	3.7 (1)	7.3 (15)			34
4	Vst. 14	40	3.6 (14)	7.9 (7)			53
6	200 m neðan Foss	60	3.6 (1)	7.9 (7)			13
7	Vst 4	60		7.2 (12)	9.7(4)		27
8	Brú	100	3.7 (11)	7.4 (2)			13
Samtals:		400	(32)	(61)	(5)		25

Einstakir sýnatökustaðir:

1. Neðan Arnarstaðavatns.

Tekin var ein stöð, við gamalt vað á ánni áður en hún verður lygn og fer að falla í stokkum.

Mjög mikið var af seiðum, flestum eins árs gömlum. Seiðin voru mjög stór og vel haldin, meðallengdin 7.4 cm. Þessi seiði voru að meðaltali 5,2 cm vorgömul í fyrra, en þá voru sýnin tekin um mánuði síðar í árinu. Sumargömul seiði fundust og voru þau í góðu ástandi.

2. Ofan við veiðistað 22

Áin er þarna 25 m breið, fremur grunn og botninn er grófur, stórsteinóttur. Lítið fannst af seiðum og voru þau flest á smá blettum, minna var af seiðum en undanfarin ár. Flest seiðin voru eins árs gömul.

3. Bláskriða

Hér fannst mikið af seiðum, meira en áður hefur veiðst á þessum stað. Flest voru seiðin árgömul utan eitt sem var frá í vor. Þau voru stór og vel haldin.

4. Ofan við veiðistað 14, neðan við smá eyju í ánni.


Mikið af sumargömlum og árgömlum seiðum.

6. 200 m neðan við Fossinn.

Mjög lítið af seiðum. Þau voru stór árgömul öll nema eitt, seiði frá vorinu 3.6 cm að lengd. Á þessum stað hefur alltaf veiðst töluvert af sumargömlum seiðum, nema núna, en ekki var við því að búast svona snemma sumars.

Year	1 SW	2 SW
74	68	55
75	71	46
76	108	39
77	195	80
78	74	212
79	50	69
80	4	120
81	47	7
82	11	34
83	62	25
84	23	50
85	168	16
86	155	195
87	120	155
88	191	87
89	139	125
90	64	122
91	114	42
92	280	55
93	157	209
94	60	109
95	153	10
96	89	92
97	109	32
98	85	35
99	47	59
00	129	20
01	109	124
02	153	46
03	105	128
04	223	72

Tafla 2. Veiði á smálaxi (1 SW) og stórlaxi (2 SW) í Ormarsá 1974-2004



Mynd 2. Fjöldi smálaxa (grilse), efri línan, og stórlaxa (salmon) úr gönguseiða (smolt year) árgöngum 1986-2003.

Veiði á smálaxi 2004 (gönguseiði frá 2003) er sú næst mesta frá upphafi og líkindi eru á að hún verði góð áfram vegna góðs tíðarfars 2003. Góðum smálaxaárum fylga góð stórlaxaár ári síðar. Líkindi eru til að árið 2005 verði metár í Ormarsá.

7. Ofan við veiðistað nr. 4.

Frekar lítið af seiðum samanborið við fyrri ár. Flest seiðin voru af svipaðri stærð, eins árs gömul.


8. Neðan brúar.

Almennt lítið af seiðum, mest af 0+. Lítið fannst af 1+ seiðum sem voru þarna í fyrra, þá árinu yngri. Góður vöxtur.

Umræða

Seiðabúskapur árinna er með besta móti enda hefur tíðarfar verið með eindæmum gott svo seiðavöxtur hefur verið góður. Seiðin eru nú að jafnaði 1-2 árum yngri en venja hefur verið en þó jafn stór. Þetta þýðir að þau þurfa að vera skemur í ánni en áður og eykst framleiðsla sem því nemur. Erfitt er að gera sér grein fyrir því hvernig þessi aukna framleiðsla skilar sér í veiði síðar og koma þar til óvissuþættir tengdir sjávarðvöl. Einnig ræður árferði vorið 2005 því hvernig seiðunum gengur að komast til sjávar. Í köldum vorum tefst sjávargangan sem leiðir til aukinna affalla og verri endurheimtu.

Veiði á smálaxi 2004 (sjá töflu 2 og mynd 2) var sú lang besta frá árinu 1992 og reyndar sú næst besta frá upphafi skráninga. Góðum smálaxaárum fylga góð stórlaxaár ári síðar. Líkindi eru til að árið 2005 verði metveiðiár í Ormarsá.



Mynd 3. Lengdardreifing veiddra laxaseiða í Ormarsá 2004.

Sjá má 3 árganga, sumargömul seiði, 0+, 3-4,5 cm löng, 1 árs seiði 6-9 cm og tveggja ára seiði, 9-10,5 cm að lengd.

2.Deildará


Veitt var í ánni nokkru ofan við brú á þjóðvegi 26. júlí 2004. Mikið fannst af seiðum af öllum árgöngum og ástand seiða var mjög gott. Niðurstöður sjást í töflu 3.

Tafla 3. Meðallengd og fjöldi laxaseiða á veiðistöðum í Deildará 29 júlí 2004. Fjöldi veiddra fiska í sviga.


Staður nr.	Staður	Flatarmál (m ²)	0+	1+	2+	3+	Fiskar/100 m ²
1	Bleikjuhylur Efri Deildará	10	3.4 (10)	6.0 (1)	9.2 (5)		160
2	Brú Neðri Deildará	50	4.0 (11)	7.4 (11)	10.0 (2)		48
Samtals:		60	(21)	(12)	(7)		67

Vöxtur seiðanna var mjög góður og mun stór hluti þeirra fara út vorið 2005 tveggja ára gömul. Ekki þótti ástæða til að veiða á fleiri stöðum í Deildará sjálfri því reynslan hefur sýnt að áin er fullsetin seiðum á grýttum svæðum og lygnu svæðin eru sjáanlega full af stórum seiðum, þau stökkva um allt. Á lygnu stöðunum er hins vegar ekki unnt að veiða með rafmagni því seiðin hafa of mikið pláss til að hörfa undan. Betra er því að nota vöxt og árgangaskipan seiðanna til að sjá ástand stofnsins.


Farið var í Efri Deildará og veitt fyrir ofan við Bleikjuhyl, langt uppi í ánni. Þar sem laxaseiði veiðast í lækjum sem renna í vatnið, er víst að lax hrygnir á svæðinu. Lokun Deildarár að sumrinu með grind efst í ánni virðist ekki standa hrygningu í ám og lækjum sem falla í Deildarvatn fyrir þrifum.




Mynd 4. Lengdardreifing veiddra laxaseiða í Efri og Neðri Deildará 29. júlí 2004.



Mynd 5. Laxveiði í Deildará 1974-2004.



Mynd 5. Daglegur meðalhiti á Raufarhöfn í júní, júlí og ágúst 1997-2000.



Mynd 6. Daglegur meðalhiti á Raufarhöfn í júní, júlí og ágúst 2001-2004.